Nýjar sögur í Gamla bíói

– níu sagnaskáld lesa upp úr óbirtum verkum sínum

■ Bókelskir Íslendingar og þeir sem unna sagnaskáldskap ættu að geta fengið kraft og styrk í sálina til að takast á við vetrardrungann því í dag ætla níu núlifandi sagnaskáld að lesa upp úr nýjum sögum í Gamla bíói.

Þeir sem lesa eru: Einar Már Guðmundsson, Einar Kárason, Guðlaugur Arason, Hermann Másson, Pétur Gunnarsson, Stefanía Þorgrímsdóttir, Steinunn Sigurðardóttir, Þórarinn Eldjárn og Vésteinn Lúðvíksson.

Höfundarnir eru allir af lýðveldiskynslóð, fæddir eftir 1944, og lesa allir upp úr óbirtum verkum, flestir úr bókum sem eru að koma út.

Einar Már Guðmundsson les upp úr bók sem hann er með í smíðum, sem hann segir að sé ólík fyrri skáldsögum hans. Bókin hefur ekki enn hlotið nafn, a.m.k. ekki opinberlega enda segir höfundur að vegna hjátrúar vilji hann ekki gefa upp vinnuheiti bókarinnar. Einar Kárason les upp úr bók sem kemur út hjá Máli og menningu um jólin og hefur hlotið nafnið Gulleyjan, ný saga, en persónur bókarinnar þar sem Djöflaeyjan rís koma við sögu. Guðlaugur Arason les upp úr bók sinni Sóla Sóla sem kemur út hjá Máli og menningu um jólin og er fjölskyldusaga með sögulegu ívafi. Hermann Másson er ungur maður sem nú stundar nám í París og hefur starfað sem kafari en rís nú úr djúpunum með fyrstu skáldsögu sína sem ber nafnið Froskmaðurinn. Bókin kemur út um jólin og útgefandi er Forlagið. Pétur Gunnarsson les upp úr sögu sem hann er nú að leggja allra síðustu hendur á.



■ Sex af níu rithöfundum sem lesa upp í Gamla bíói í dag kl. 14-17. Frá vinstri: Þórarinn Eldjárn, Steinunn Sigurðardóttir, Einar Kárason, Einar Már Guðmundsson og Pétur Gunnarsson. Á myndina vantar Guðlaug Arason, Hermann Másson og Véstein Lúðvíksson. NT-mynd: Sverrir.

Vinnutitill sögunnar er Sögulok og hún er fjórða og síðasta bókin um hinn þjóðfræga Andra. Bókin kemur út um miðjan nóvember og útgefandi er Punktar sf. Stefanía Þorgrímsdóttir les upp úr skáldsögu sem kemur út fyrir jólin hjá Forlaginu. Steinunn Sigurðardóttir les upp úr skáldsögu sem hún er með í smíðum. Þetta er fyrsta skáldsaga Steinunnar og er að sögn höfundar frjáls í formi. Vinnutitill bókarinnar er Taldir dagar. Þórarinn Eldjárn les upp úr smásagnakveri sem kom út fyrir skömmu hjá Gullbringu. Smásagnakverið ber nafnið Margsaga. Og síðastan en ekki sístan ber svo að telja Véstein Lúðvíksson sem les upp úr skáldsögunni eða safni 96 smásagna. Bókin hefur hlotið heitið Oktavía og kemur út um jólin hjá Máli og menningu.

Upplesturinn hefst kl. 14. Dregið verður um röð höfunda en dagskráin stendur til kl. 17. Góða skemmtun.

Vogur:

Stytta afhjúpuð í minningu Hilmars


■ Fimmtudaginn 17. október sl. var afhjúpuð stytta við sjúkrastöðina Vog. Hún er gefin SÁÁ í minningu Hilmars Helgasonar, fyrsta formanns SÁÁ af þakklátum alkóhólistum og fjölskyldum þeirra.

Það var sonur Hilmars, Stefán sem afhjúpaði styttuna við hátíðlega athöfn á Vogi að viðstöddum vinum og ættingjum Hilmars, svo og stjórn og starfsfólki SÁÁ. Styttan heitir Andi og efnisbönd og er eftir Einar Jónsson myndhöggvara og styttan er úr bronsi.

Hendrik Berndsen núverandi formaður SÁÁ sagði í ávarpi sínu við þetta tækifæri að um þessar mu dir væru tíu ár síðan fyrstu alkóhólistarnir fóru í meðferð á Freeport sjúkrahúsið í New York. Meðal þeirra var Hilmar Helgason se síðan beitti sér mikið fyrir stofnun SÁÁ og gerði samtökin að því afli sem þau eru í dag.

Hendrik sagði ennfremur að Hilmar hefði með ötulu starfi sínu í SÁÁ breytt viðhorfum Íslendinga til áfengisvandamálsins og hefði um leið skapað alkóhólistum og fjölskyldum þeirra tækifæri til að lifa eðlilegu lífi.

Styttan, Andi og efnisbönd er staðsett við anddyri sjúkrastöðvarinnar Vogs eins og fyrr segir og sýnir hún þakklæti alkóhólista í fortíð, nútíð og framtíð, að sögn Hendrik Berndsen.



■ Stefán Hilmarsson afhjúpar styttuna sem gefin var í minningu föður hans Hilmars Helgasonar, fyrsta formanns SAA. Aftar stendur m.a. Hendrik Berndsen formaður SÁÁ. Styttan heitir Andi og efnisbönd og er eftir Einar Jónsson myndhöggvara.

Baldur Edwins:

Sýnir í Ásmundarsal



■ Í dag, laugardaginn 27. október, opnar Baldur Edwins yfirlitssýningu á vatnslita- og olímálverkum, sem hann hefur unnið á fimmtíu ára starfsferli sínum. Sýningin er í Ásmundarsal á Freyjugötu og er hún opin virka daga frá 16-22 og um helgar 14-22.

Baldur hefur í tvígang haldið einkasýningar í Bogasal og verið með á samsýningum F.Í.M. Jafnframt hefur hann sýnt erlendis á Charlottenborg í Kaupmannahöfn og Le Salon í París. Baldur nam málaralist í listaakademíunum í Vín, París og Madrid.

Aðgangur er ókeypis og lýkur sýningunni 3. nóvember.

Martin Berkofsky:

Hljómplata til styrktar tónlistarhúsi

■ Martin Berkofsky, hinn kunni pianósnillingur er nú að leika inn á hljómplötu til styrktar byggingu tónlistarhúss hér á landi.

Í frétt frá stúdíóinu Mjöt á Klapparstíg segir að þetta sé mikill fengur fyrir Íslendinga og er talið að miklir möguleikar séu á dreifingu erlendis.

Þetta er tíunda hljómplatan sem Martin Berkofsky leikur á en mun vera fyrsta sólóplatan sem hann sendir frá sér. Þá er Martin einnig að spila Franz Liszt í fyrsta sinn inn á hljómplötu og segir í fréttinni að sú tónlist sé uppáhaldstónlist Martins og væntir Mjöt að hér sé gott innlegg til tónlistar og byggingar tónlistarhúss á Íslandi.

Kjarvalsmynd:

Krítik á korti

■ Offsetprentsmiðjan Litbrá hefur í tilefni 100 ára minningar Kjarvals gefið út kort af hinu þekkta málverki hans „Krítik".

Málverkið er nú í eigu Reykjavíkurborgar og er á sýningunni sem nú stendur yfir á Kjarvalsstöðum. Verkið var málað á árunum 1945-50 og er með stærstu verkum sem Kjarval gerði 2×4 m.

Þetta er sjöunda kortið sem Litbrá gefur út eftir Kjarval. Hin kortin eru: Sjálfsmynd (1920), Fyrstu snjóar (1953), Bláskógaheiði (1953), Snjór og gjá (1954), Skjaldbreiður (1957) og Bleikdalsá (1967).

Kortin eru til sölu á Kjarvalsstöðum og í bóka- og gjafavöruverslunum.



■ Kjarvalssafni hafa borist veglegar gjafir. Eyrún Guðmundsdóttir færði safninu tvö málverk: Ofar skýjum og Þingvallabóndann...

Kjarvalssýning á Kjarvalsstöðum:

Gífurleg aðsókn og góðar gjafir

■ Kjarvalssafni Reykjavíkurborgar hafa borist veglegar gjafir í tilefni aldarminningar listamannsins.

Eyrún Guðmundsdóttir færði safninu tvö málverk: „Ofar skýjum" og „Þingvallabóndinn" og Guðrún Norðdahl afhenti dánargjöf systur sinnar Rannveigar Norðdahls, málverk sem ber nafnið „Andi öræfanna". Þá færðu bílstjórar á B.S.R. sýningunni blómakörfu.

Gífurleg aðsókn hefur verið að Kjarvalssýningunni á Kjarvalsstöðum síðan hún var opnuð á fæðingardegi listamannsins 15. október s.l. Á fjórða þúsund manns skoðuðu sýninguna fyrstu helgina og muna menn ekki eftir annarri eins aðsókn nema ef vera skyldi þegar húsið opnaði með veglegri Kjarvalssýningu árið 1973.

Sýningin verður opin daglega kl. 14-22 fram til 15. des. n.k. Aðgangur er ókeypis en vegleg sýningarskrá er seld á kr. 300.



■ ...og Guðrún Norðdahl afhenti dánargjöf systur sinnar Rannveigar Norðdahl, málverkið Andi öræfanna.



■ Bifreiðastjórar á B.S.R. færðu Kjarvalsstöðum blómakörfu í tilefni sýningarinnar,með þakklæti og bestu virðingu.